

3. fulltrúaráðsfundur Landssambands ungmennafélaga 20. nóvember 2017, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:30

Mætt eru: SÍF: Einar Hrafn Árnason, SHÍ: Ási Þórðarson, Samfés: Victor Berg Guðmundsson, UU: Pétur Halldórsson og Sigurður Thorlacius, UJ: Óskar Steinn Jónínuson, JCI: Sigurður Sigurðsson, Ungliðahreyfing Viðreisnar/Uppreisn: Ragnheiður Kristín Finnbogadóttir, UVG: Andrea Ósk Sigurbjörnsdóttir og Núll prósent: Olga Pokrovskaja.

Fulltrúar stjórnar: Sigurður Helgi Birgisson (SHB), Sara Sigurðardóttir (SS), Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ) og Ólafur Hrafn Halldórsson (ÓHH), auk Tinnu Isebarn (TI) frkvstj.

Fundarstjóri: Sara Sigurðardóttir, formaður fulltrúaráðs.

Fundur settur 18:43

Dagskrá:

1. **Kynning á framvinduskýrslu:** TI Kynnir skýrsluna fyrir hönd stjórnar. Stjórnin setti sér 20 markmið í upphafi starfsárs. Ellefu markmiðum er þegar náð, sjö eru í vinnslu og tvö hafa verið sett í bið. TI fjallar stuttlega um framvindu hvers og eins markmiðs. SS lagði skýrsluna til samþykktar og var hún samþykkt einróma.
2. **Alþjóðamál:** LMJ kynnti alþjóðamál LUF og helstu samráðsvettvanga sem LUF hefur aðkomu að. LUF hefur tilnefnt fulltrúa í ráð og nefndir og hefur reynt að virkja fleiri í því starfi. Sérstök alþjóðanefnd hefur verið sett á laggirnar til þess að ná því markmiði og er mótun hennar í vinnslu.
 - 2.1. **Norræna ráðherranefndin:**
 - 2.1.1. **NORDBUK:** Hreiðar Már Árnason formaður LÆF/LUF 2014-2015 hefur setið í nefndinni fyrir LUF undanfarin ár en kjörtímabil hans er að renna út. LUF hefur tilnefnt SHB og TI.
 - 2.1.2. **Expert Group on SDGs:** LUF tilnefndi m.a. Ragnheiði Kristínu Finnbogadóttur í hópinn. Ragnheiður kynnti störf hópsins fyrir ráðinu stuttlega.
 - 2.2. **Nordic Baltic Cooperation (NBC):** LUF er hluti af Norðurlanda- og Estrasaltsríkjasamstarfinu. LMJ greindi frá að samstarfið hefur vaxið mikið á undanförmum árum og hefur teygst sig út fyrir hið formlega samstarf innan Evrópa ungmennavettvangsins. Þá hefur NBC samstarfið nýst vel í miðlun upplýsinga, þekkingarsköpunar og frekara samstarf í sameiginlegum hagsmunamálum.
 - 2.3. **Evrópski ungmennavettvangurinn (e. European Youth Forum - YFJ):** LUF hlaut fulla aðild að YFJ árið 2006 og hefur síðan þá tekið virkan þátt í Evrópsku samstarfi ungmennafélaga. YFJ er samstarfs- og samráðsvettvangur landsambanda ungmennafélaga í Evrópu (e. National Youth Councils) og Evrópskra frjálsra félagasamtaka ungs fólks. YFJ er valdamestu regnhlífasmótök ungs fólks í heiminum og er viðurkenndur lögmætur fulltrúi Evrópskra ungmennafélaga gagnvart alþjóðastofnunum á borð við Evrópuráðið, Evrópusambandið og Sameinuðu þjóðirnar.
 - 2.3.1. **Expert Group on Climate Change:** LUF tilnefndi Sigurð Thorlacius í hópinn. Sigurður sagði frá störfum sínum innan hópsins og erindi sem hann flutti í Brussel á þeim vettvangi.
 - 2.3.2. **Network on Human Rights and Migration:** LUF tilnefndi Ragnheiði Kristínu Finnbogadóttur og sagði hún frá þeim störfum, m.a. frá fundi í

Brussel - þar var leitað leiða til að fá unga innflytjendur að borðinu og auka þátttöku þeirra í starfi ungmennafélaga.

- 2.4. **Ungmennaráð Evrópuráðsins (Advisory Council on Youth to the Council of Europe AC):** LUF tilnefndi LMJ sem var kosin inn í ráðið. AC sem samanstendur af 30 fulltrúum, þar af eru 20 þeirra kosnir inn af YFJ, eftir að hafa verið tilnefndir af aðildarfélögunum. LMJ sagði frá störfum ráðsins, sem tryggir aðkomu ungs fólks að Evrópskri stefnumótun.
- 2.5. **Alþjóðlegar ráðstefnur og fundir:** LMJ greindi frá öðrum alþjóðlegum verkefnum og viðburðum sem LUF hefur tekið þátt í á starfsárinu og það sem er á döfinni.
 - 2.5.1. EU Youth Conference - Malta
 - 2.5.2. Det Nya Norden - Finnland
 - 2.5.3. Youth, Democracy and Democratic Exclusion - Noregur
 - 2.5.4. First NYC Network Meeting on SDGs - Danmörk
 - 2.5.5. Learning to Live Together: A Shared Commitment to Democracy - Frakkland
 - 2.5.6. NEET Inclusion - Svíþjóð
 - 2.5.7. EU Youth Conference - Eistland
 - 2.5.8. Human Rights and Migration - Jórdanía
 - 2.5.9. Youth Policy Responses to the Contemporary Challenges Faced by Young People - Tékkland
 - 2.5.10. Expert Group on Climate Change meeting - Belgía
 - 2.5.11. SDGs Expert Group Meeting - Danmörk
 - 2.5.12. Portúgal - COMEM of the YFJ
 - 2.5.13. Future of Europe, Youth Convention - Finnland
 - 2.5.14. Second NYC Network Meeting on SDGs - Laugarvatn
3. **Parfagreiðing:** TI kynnir tillögu sem lögð var samþykkt á sambandsþingi LUF 2017 um könnun á fjárhagsstöðu aðildarfélaga. Stjórn er skuldbundin til að verða við tillögunni sem er brýn þar sem sum aðildarfélög eru rótgróin og sterk á meðan önnur berjast í bökkum. Því mun stjórn mun leggja könnun fyrir aðildarfélög til að kanna fjárhagsstöðu félaganna, hvernig þau fjármagna sig og hvernig samanburður milli þeirra kemur út. TI óskar eftir tillögum frá fundarmönnum um hvernig best væri að háttá fjárhagskönnun sem þessari. Eftir tillögur frá UU og JCI var ákveðið að könnunin bjóði upp á opin svör.
4. **Önnur mál:** Fulltrúi JCI tók til máls og hrósaði stjórn og framkvæmdastjóra fyrir vel unnin störf og vísaði til mælanlegs árangurs sem kemur fram í framvindukýrslu stjórnar, sem tekur mið af stefnu og metur markmið framkvæmdaráætlunar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 20:00

SS ritaði fundargerð.